

Fundur Gammadeildar, 26. apríl, 2023.

Svana Friðriksdóttir sem rannsakað hefur útilistaverk í borginni leiddi göngu um miðbæinn þar sem ýmis listaverk eftir konur voru skoðuð. Gammakonur hittust við útiverk Ólafar Nordal sem hún gerði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttir. Gaman var að koma við á fyrrum heimili Vilborgar Dagbjartsdóttir þar sem skoðað var útilistaverk eftir listakonuna og nágranna Vilborgar, Borghildi Óskarsdóttir. Verkið er ljóð eftir Vilborgu sem rist hefur verið í leir og lýsir fallegum samskiptum þeirra grannkvenna. Svana bauð fundarkonum heim til sín eftir gönguna, tekið var nafnakall og veitingar reiddar fram og marg skrafið. Meðal annara tók Ragnheiður til máls og sagði frá góðri reynslu sinni af sjúkrabjálfun í St. Jósepsspítala þar sem Oddfellowreglan hefur innréttað mjög hlýlega og fallega aðstöðu.